

Reykjavík, 27. febrúar 2026

Efni: Umsögn Visku um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 (afnám áminningarskyldu)

Viska hefur tekið til umsagnar drög að frumvarpi um breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Að mati félagsins, með vísan í kannanir meðal félagsfólks (sjá „félagsfólk Visku lýsir brotnu kerfi“), er full ástæða til að endurskoða mannaútsferla ríkisins og létta á áminningarskyldunni. Hins vegar telur Viska að fullt afnám gangi lengra en nauðsynlegt er til að ná fram markmiðum um bættu mannaútsjórnun. Viska leggur til að:


- Áminningarskylda verði áfram meginstefna**, en skýrari undantekningar verði lögfestar þegar úrbótatækifæri eiga augljóslega ekki við t.d. í tilvikum þar sem alvarleg brot eða háttsemi valda starfseminni skaða.
- Leiðbeiningarsamtöl og úrbótaáætlanir verði skilgreind nánar**, með kröfu um skjalfestingu, mælanleg markmið og reglubundna eftirfylgni. Setja þarf tímamörk á úrbótaferli t.d. 6 mánuði þar sem við á.
- Ríkið taki stofnanasamninga til endurskoðunar**. Ef gera á breytingar á áminningarskyldu gefst tækifæri til að taka stofnanasamninga til endurskoðunar með það að markmiði að tengja árangur betur við laun og umbuna betur fyrir afköst og afburðahæfni.

Að lokum bendir Viska á að stór hluti af rekstrarvanda felst almennt í vanhæfni einstakra stjórnenda. Í framlögðu frumvarpi er ekki skýrt hvernig auka á aðhald gagnvart stjórnendum stofnana. Breyting á áminningarskyldu gagnvart almennu starfsfólki getur ekki verið innleidd án þess að kröfur til stjórnenda séu auknar sem og eftirlit með frammistöðu. Að ofansögðu leggur Viska til að haft sé meira samráð við stéttarfélögin ef ráðast á í breytingar á áminningarskyldu.


Félagsfólk Visku lýsir brotnu kerfi

Viska leggur áherslu á að vera í virku samtali við félagsfólk en nýlega hafa verið framkvæmdar tvær kannanir um hagræði í ríkisrekstri meðal sérfræðinga hjá ríkinu. Kemur þar m.a. fram:

- Félagsfólk styður aukið hagræði:** 86% sérfræðinga hjá ríkinu eru hlynnt auknu hagræði í ríkisrekstri og 59% segja óhagræði hafa aukist undanfarið eða staðið í stað.



- 2. Helmingi aðspurðra finnst of erfitt að segja fólki upp:** Þegar spurt var um það hvort fólk teldi of erfitt að segja fólki upp á stofnunum m.a. út af áminningarskyldu sögðust 48% vera sammála þeirri staðhæfingu, 23% voru hlutlaus en aðeins 29% aðspurðra voru ósammála þeirri staðhæfingu. Af þessu má ráða að fleiri en færri skynji mannauðsferla ríkisins of óskilvirka þegar kemur að úrlausn erfiðra starfsmannamála. Hvort að vandamálið sé áminningarskyldan sjálf eða færni stjórnenda við að beita henni er ekki skýrt nánar og ekki má ráða af svörunum að starfsfólk styðji fullt afnám áminningarskyldunnar. Full ástæða er þó til að spyrja gagnrýnna spurninga um mannauðsferla ríkisins skv. þessum niðurstöðum.



Í ljósi ofangreinds má ætla að stuðningur sé við þau áform ríkisstjórnarinnar að bæta mannauðsstjórnun hjá ríkinu. Í það minnsta væri það óábyrgt af stéttarfélögum að hafna þeirri viðleitni.

Að lokum bendir Viska á þau tækifæri sem felast í auknum hvötum í ríkisrekstri. Verði létt á áminningarskyldunni er rétt að ríkið taki **uppbyggingu stofnanasamninga til gagngerrar endurskoðunar. Með það fyrir augum að umbuna betur fyrir afburðahæfni í starfi og afköst.** Í þessu sambandi bendir Viska á orð eins félagsmanns úr könnun um hagræði í ríkisrekstri:

„Það þarf meiri hvata í launakerfi ríkisins... þekkingarstig, frumkvæðni, sjálfstæði, afkastageta... Þessi munur endurspeglast ekki í launum fólks. Þetta þarf að laga og mun leiða til hagræðingar þegar fram líða stundir“

Fyrir hönd Visku – stéttarfélags,

Vilhjálmur Hilmarsson
hagfræðingur Visku